

Óbyggðanefnd
01 261

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisfirlit	5
Skýringar	6

Óbyggðanefnd
kt. 580998-3139
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Óbyggðanefnd er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Nefndin er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem á grundvelli III. kafla þjóðlendulaga og hefur þríþætt hlutverk.

1. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, 2. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og 3. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnsýslunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnerfi ríkis og sveitarfélaga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 112,6 milljónir og afkoma kr. 4,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 12,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 21,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Óbyggðanefndar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Óbyggðanefndar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Erna Erlingsdóttir
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	112.300.000	111.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	271.288	374.487
Tekjur samtals		112.571.288	111.574.487
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfamannakostnaður	3	40.627.687	31.698.211
Annar rekstrarkostnaður	4	66.884.916	80.259.602
Afskriftir	5	271.288	374.487
Gjöld samtals		107.783.891	112.332.300
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		4.787.397	(757.813)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(749)	(14.793)
Afkoma ársins		4.786.648	(772.606)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður	970.506	1.241.794	<u>970.506</u>
	<u>970.506</u>	<u>1.241.794</u>	
	Fastafjármunir samtals	970.506	1.241.794
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	20.687.977	17.145.704
	<u>20.687.977</u>	<u>17.145.704</u>	
	Veltufjármunir samtals	20.687.977	17.145.704
	Eignir samtals	21.658.483	18.387.498
	<u>21.658.483</u>	<u>18.387.498</u>	
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign	12.879.841	8.093.193	<u>12.879.841</u>
	<u>12.879.841</u>	<u>8.093.193</u>	
	Eigið fé samtals	12.879.841	8.093.193
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	1.199.192	2.180.380
Viðskiptaskuldir		1.478.357	3.814.961
Ýmsar skammtímaskuldir	9	3.310.264	2.336.847
Frestun tekjfærslu fjárfestingarheimilda	10	2.790.829	1.962.117
	<u>2.790.829</u>	<u>8.778.642</u>	<u>10.294.305</u>
	Skuldir samtals	8.778.642	10.294.305
	Eigið fé og skuldir samtals	21.658.483	18.387.498
	<u>21.658.483</u>	<u>18.387.498</u>	
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstremisfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		4.786.648	(772.606)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir	5	271.288	374.487
Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára		(271.288)	(374.487)
		4.786.648	(772.606)
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Tengdir aðilar		(3.423.461)	(1.865.151)
Skammtímaskuldir		(1.363.187)	2.637.757
		(4.786.648)	772.606
	Handbært fé frá rekstri	0	0
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	0	(79.677)
		0	(79.677)
Fjármögnumarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(1.100.000)	(720.323)
Fjárfestingarframlag		1.100.000	800.000
		0	79.677
Hækjun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
	Handbært fé í árslok	0	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárfamlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018		
2 Tekjufærsla fjárveitinga				
Fjárveiting ársins	112.300.000	112.000.000		
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(800.000)		
Tekjufærsla fjárveitinga	112.300.000	111.200.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna	271.288	374.487		
	112.571.288	111.574.487		
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	112.300.000	0	0	112.300.000
Fjárveiting til tekna	112.300.000	0	0	112.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(107.513.352)	0	0	(107.513.352)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	4.786.648	0	0	4.786.648
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður				
Laun	32.774.478	26.509.224		
Orlof, breyting	804.218	(656.852)		
Launatengd gjöld	6.954.991	5.560.079		
Starfsmannakostnaður	94.000	285.760		
	40.627.687	31.698.211		
Meðalfjöldi stöðugilda	2,1	1,7		
4 Annar rekstrarkostnaður				
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	120.270	116.722		
Ýmis tæki og áhöld	61.659	43.826		
Orkugjafar	452	49.176		
Matvæli	645.163	527.981		
Ýmsar sérgreindar vörur	0	6.240		
Almennar rekstrarvörur	29.206	398		
Vörukaup, almenn	856.750	744.343		
Fundir, námskeið, risna	186.946	88.572		
Ferðir, upphald	499.323	661.846		
Akstur	132.598	479.344		
Sérfraðþjónusta	60.132.957	73.237.352		
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	2.758	1.200		
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	486.842	809.256		
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.250.339	1.182.793		
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfraðþjónusta	62.691.763	76.460.363		
Samningsbundin kaup og leiga	361.392	0		
Afnotagjöld	557.996	629.238		
Leigugjöld	2.403.340	2.232.394		
Verkkaup	10.315	9.542		
Kostnaðarhlutdeild	0	182.531		
Tryggingar, lögboðnar	3.360	0		
Opinber gjöld	0	1.191		
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	3.336.403	3.054.896		
Annar rekstrarkostnaður samtals	66.884.916	80.259.602		

Skýringar

	2019	2018
5 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	271.288	374.487
	<u>271.288</u>	<u>374.487</u>

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	970.506	1.241.794
	<u>970.506</u>	<u>1.241.794</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 1.1.2019	3.547.942	3.547.942
Viðbætur á árinu	0	0
	<u>3.547.942</u>	<u>3.547.942</u>
Afskriftir 1.1.2019	2.306.148	2.306.148
Afskrift ársins	271.288	271.288
	<u>2.577.436</u>	<u>2.577.436</u>
Staða 31.12.2019	970.506	970.506

7 Tengdir aðilar

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	20.687.977	11.256.489
Áætluð leiðréttung vegna fjárveitinga	0	5.889.215
	<u>20.687.977</u>	<u>17.145.704</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.199.192	2.180.380
	<u>1.199.192</u>	<u>2.180.380</u>

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1	8.093.193	8.865.799
Afkoma ársins	4.786.648	(772.606)
Jöfnuður 31.12	<u>12.879.841</u>	<u>8.093.193</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
9 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	3.141.065	2.336.847
Ógreidd laun	<u>169.199</u>	0
	<u>3.310.264</u>	2.336.847

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	970.506	1.241.794
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	<u>1.820.323</u>	720.323
	<u>2.790.829</u>	1.962.117
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting
Staða 1.1.2019	1.241.794	720.323
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(271.288)</u>	0
	<u>970.506</u>	1.820.323
	Samtals frestaðar tekjur	
	1.962.117	
	1.100.000	
	(271.288)	
	2.790.829	

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert rekstrar- og þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslur rekstrar- og þjónustusamninga eru kr. 0,7 milljónum. Óbyggðanefnd er í húsnæði á vegum Rekstrarfélags Stjórnarráðsins, árleg greiðsla húsaleigu er áætluð kr. 2,4 milljónir.

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning við Þjóðskjalasafn Íslands um gagnaöflun, skuldbinding næsta árs er kr. 40,0 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.